

**109. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) haldinn föstudaginn
24. ágúst 2018 að Aðalstræti 10-12, Bolungarvík og hófst hann kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Smári Haraldsson (SH) formaður, Nancy Bechtloff (NB) forstöðumaður, Sigríður Gísladóttir (SG) og Þórir Sveinsson (ÞS).

Fundargerð ritaði: Þórir Sveinsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 108. fundar stjórnar NAVE.

Lögð fram fundargerð 108. fundar stjórnar NAVE frá 7. júní 2018.
Fundargerðin staðfest samhljóða.

2. Stofnanasamningur við starfsmenn NAVE.

Lagt fram drög að stofnanasamningum við starfsmenn NAVE með gildistíma 1. júní 2016 til 31. ágúst 2017 og frá 1. september 2017. Stofnanasamningarnir eru sambærilegir og gerðir hafa verið við starfsmenn annarra náttúrustofa og byggðir á kjarasamningi Félags ísl. náttúrufræðinga (FÍN) og ríkisins svo og á kjarasamningi NAVE við FÍN frá 1. janúar 2006. Áfallinn viðbótarlaunakostnaður á árunum 2016 og 2017 er um 4,6 millj.kr.

NB var falið að óska eftir viðræðum um nýjan kjarasamning millum NAVE og FÍN sem taki við af kjarasamningi aðila frá 1. janúar 2006, en sá samningur er úr gildi fallinn.

3. Ársreikningur NAVE 2017.

Lagður fram ársreikningur Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2017. Heildartekjur voru 91,2 millj.kr. og heildargjöld 97,1 millj.kr. Rekstrarafkoman var því neikvæð um 5,9 millj.kr. sem skýrist af áföllnum launakostnaði vegna stofnanasamninga við starfsmenn NAVE (4,6 millj.kr.) og 1,6 millj.kr. vegna uppgjors á endurútreiknuðum virðisaukaskatti.

Ársreikningur 2017 samþykkur samhljóða.

4. Ársfundur NAVE 2017.

Ársfundur aðildarsveitarfélaga NAVE vegna ársins 2017 er boðaður föstudaginn 12. október nk. kl. 14:00 í Bolungarvík samkvæmt dagskrá sem send verður út síðar.

5. Önnur mál.

a. Næsti stjórnarfundur verður haldinn í september nk.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10.

Smári Haraldsson.

Nancy Bechtloff.

Sigríður Gísladóttir.

Þórir Sveinsson.